

# 100. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

15. APRÍL 2019 KL 17:00



Mættir: Gry Ek – Formaður  
Þórunn Lilja Vilbergsdóttir – varaformaður  
Inga María Henningsdóttir – ritari  
Aron Friðrik Georgsson - meðstjórnandi  
Guðbrandur Sigurðsson – meðstjórnandi  
Lára Bogey Finnbogadóttir - Starfsmaður

Fjarverandi: Alex Cambray Orrasson – gjaldkeri  
Auðunn Jónsson – meðstjórnandi

Dagskrá: 1. Fundargerð síðasta fundar.  
2. Fara yfir stöðu mála í verkefnum hjá hverjum og einum.  
3. Reglugerð um kraftlyftingakeppni.  
4. Afrekssjóður og styrktarmálin  
5. Fundartímar framundan  
6. Næstu áhersluverkefni stjórnar.  
7. Önnur mál.

Gry setti hundraðasta stjórnarformannsfund kraft frá upphafi og var boðið upp á afmælisköku í tilefni dagsins.

1. **Fundargerð seinasta fundar:** Rætt var um fundargerð seinasta fundar og var hún samþykkt.

2. **Fara yfir stöðu mála í verkefnum hjá hverjum og einum:**

Á seinasta fundi var rætt um skipun í nefndir, þar átti einungis eftir að skipa í mótanefnd. Ingvi hjá KFA átti eftir að svara hvort hann myndi vilja leggja nefndinni lið en hann gaf ekki kost á sér. **Þórunn** ætlaði því að athuga hvort að Einar Örn á Akranes myndi vilja leggja mótanefndinni lið og lætur Þórunn stjórn vita með niðurstöður þess.

**Aron** ætlar að klára nokkur mál: Setja me too inná kraft.is og ræða við Klaus í sambandi við Tölvuöryggi.

Næst var rætt um Persónuvernd, hvernig Kraft skráir niður og geymir upplýsingar og samskipti við einstaklinga. Lára benti á skjal sem hún hafði fengið þegar hún var að vinna í kringum persónuvernd á Akranesi og ætla **Lára** og **Aron** að skoða skjalið í sameiningu í samráði við stjórn. Einnig var rætt um að breyta skráningu keppenda. Þ.e. að sá sem skráir keppendur setur inn sitt tölvupóstfang og símanúmer en ekki hver og eitt keppandi.

Næst var rætt um Landsliðsmál og hefur **Lára** tekið yfir skráningu. Einnig var rætt í sambandi við landsliðsmál að þar sem að Kraft þarf að greiða skráningagjald (90 evrur) þegar keppandi er skráður, að ef keppandi hættir við að keppa að hann skuli endurgreiða

Kraft þann pening. Að gefnu tilefni skuli það koma skýrar fram á landsliðssamningi og ítrekun fari á síðuna.

13. apríl var haldið dómaraþróf og byrjendamót. Mótið fór mjög vel fram og voru 2 nýjir dómara útskrifaðir, Laufey Agnarsdóttir frá KFR og Karl Anton Löve frá KFA.

### 3. **Reglugerð um kraftlyftingakeppni:**

Helstu breytingar:

- Með að viðurlög fari fyrir aganefn, þar sem aganefnd hefur verið lögð niður fellur þessi reglugerð niður. (5 og 6 gr og 32 gr)
- Þá hefur 11. gr um notkun ammóníaks í fljótandi formi verði felld niður.
- 13. gr um að mótanefnd geri úttekt á framkvæmd meistaramóta hefur verið felld niður. Sem og 28. gr.
- Þá hefur 14. gr verið breytt, Mótanefnd birtir núna mótaskrá 1. Október ár hvert að samþykki stjórnar en félög óska ekki eftir mótahald eins og áður.
- Nú þurfa félög ekki að skila starfsskýrslum í samræmi við 9 grein laga ÍSÍ til að fá samþykkt mót á mótaskrá eins og var í 14 og 18 gr.
- Í 5 kafla um framkvæmd móta eru helstu breytingar að stjórn leggur til að mótshaldari ber að skaffa nógu marga starfsmenn fyrir mót. Hvert félag sem sendir 5 eða fleiri keppendur á mót saki leggja að til að minnsta kosti 1 dómara, ef dómari forfallist er það ábyrgð þess félags að finna og tilkynna staðgengil. Ef tilkynntur starfsmaður mætir ekki skal viðkomandi félag greiða 10.000 kr í sekt til mótshaldara fyrir hvern þann starfsmann sem ekki mætir. Ef sekt er ekki greidd keppir ekki viðkomandi félag. Mótshaldari ber að tilkynna skíkt. **Lára** lætur mótshaldara vita að þeir þurfi að passa uppá þetta.
- Í 5 kafla hefur kviðdómur á Íslandsmeistaramótum verið felldur niður. Dómara bera því ábyrgð á því að ef keppandi þvingar sig inná mót sem hann hefur ekki rétt á hafa dómara rétt á að stöðva mót. **Gry** ræðir við Helga og sendir ákvæði á Ásu og Sólveigu. 24. gr verður lagt undir dómaraefnd.

### 4. **Afrekssjóður og styrkjamálin:** **Gry** athugar hvort það sé búið að gera samning við afreksfólk og greiða.

### 5. **Fundartímar framundan:** Næsti fundur verður 23. maí 2019 kl 17:00

### 6. **Næstu áhersluverkefni stjórnar:** **Guðbrandur** bað Lára um að taka saman aðstöðu allra félaga - hvar húsnæði er, stærð, búnað, eigenda húsnæðis, kostnaður við húsnæðið og iðkenndur í hverju félagi og verður farið yfir það á Íþróttapingi 3 og 4 maí.

Stjórnin var sammála að skoða þyrfti að skoða þjálfaramenntun .

Aðal verkefni stjórnar er að athuga með styrktaraðila. Skoða möguleika með að selja mót. **Aron** og **Guðbrandur** ræði við Dominos. Aðrir að hugsa mögulega styrktaraðila.

### 7. **Önnur mál:** Allir voru sammála að leggja skuli niður lágmark á ÍM í búnaði.

## 100.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands

**Guðbrandur** og **Alex** ræða við Magnús Magnússon og ráða hann sem bókara Kraft. Þá yrði Alex gjaldkeri og Magnús bókari.

**Gry** setur auglýsingu á Alfreð fyrir Íþróttastjóra í 20% hlutfall og umsækjendur myndu senda ferilskrá á [kraft@kraft.is](mailto:kraft@kraft.is).

Fundi lokið 18:30

Ritari – Inga María Henningsdóttir.